



Reykjavík, 2. janúar 2026
SFS25120086

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga um breytingu á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“

Lagt er til að gerð verði breyting á 12. gr. reglna um B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Gerð verði breytinga á **12. gr.** framangreindra reglna vegna B hluta sem nú er svohljóðandi:

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 1/3 styrksins greiddur út og 2/3 þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.

Ákvæðið verði svohljóðandi:

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 50% styrksins greiddur út og 50% þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.

Greinargerð:

Í fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs eru 50 m.kr. til úthlutunar til styrkja á grundvelli reglna um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Framlögum samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ var árið 2025 og verður áfram ráðstafað á eftirfarandi hátt:

B-hluti. 50 milljónum verður úthlutað til stærri samstarfsverkefna. Í stærri samstarfsverkefnum verður gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis

Auglýst er eftir styrkjum á vorin og hefjast verkefni að jafnaði í byrjun júní og ná yfir næsta skólaár. Með ofangreindri skiptingu á greiðslum til verkefna verður 50 m.kr. árið 2026 ráðstafað þannig að 25 m.kr. fara í lokagreiðslur fyrir verkefni sem voru framkvæmd skólaárið 2025-2026 og 25 m.kr. ráðstafað til nýrra verkefna sem hefjast í júní 2026 og verða framkvæmd skólaárið 2026-2027.



Reykjavík